

**Nd.** **670. Nefndarálit** [142. mál]  
um till. til þál. um sameiginlegan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur athugað þetta mál og er sammála um að leggja til að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar með skírskotun til þess að endurskoðun laga um almannatryggingar fer nú fram á vegum hennar. Meðal þess, sem þar er til athugunar, er sameiginlegt kerfi lífeyrissjóða og almannatrygginga sem er ein hugsanlegri leiða til að koma á lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn.

Væntir nefndin þess, að ríkisstjórnin leggi tillögur um málið fyrir næsta þing.

Alþingi, 10. maí 1975.

Jón Skaftason,  
form.

Þórarinn Sigurjónsson,  
fundaskr.

Ragnhildur Helgadóttir,  
frsm.

Jóhann Hafstein.

Karvel Pálmason.

Magnús Kjartansson.

Guðmundur H. Garðarsson.